

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í landi Miðdals, lóð fyrir frístundahús, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag í landi Miðdals, lóð fyrir frístundahús, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 13. febrúar 2003.

Skipulagstillagan tekur til spildu, þjóðskrárn. 9400-0320, sem er 3,45 ha að stærð úr landi Miðdals. Spildan er á svæði sem samkvæmt aðalskipulagi er skilgreint til frístundabyggðar. Skipulagið felst í að afmörkuð er lóð fyrir allt að 70 m<sup>2</sup> frístundahús norðan Selvatns.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa í B-deild Stjórnartíðinda. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 4. mars 2003.*

**Tryggvi Jónsson** bæjarverkfræðingur.